

Leiðbeiningar um heimildatilvísanir í lögfræði

Háskólinn á Bifröst

Þessar leiðbeiningar um heimildatilvísanir í lögfræði eru ætlaðar nemendum í lögfræði við Háskólann á Bifröst. Nemendur skulu beita þeim við ritunarverkefni á sviði lögfræði, sérstaklega þar sem vísað er til lögskýringargagna. Við gerð þessara leiðbeininga var stuðst við Reglur um form námsritgerða við lagadeild Háskóla Íslands sem samþykktar voru 30. september 2008 þar sem það á við (lög, dómar, úrskurðir og álit).

Í Háskólanum á Bifröst er stuðst við APA staðalinn varðandi tilvísanir og skráningu heimilda. Friðrik H. Jónsson og Sigurður J. Grétarsson hafa sett saman rit sem heitir Gagnfræðakver handa háskólanemum. 4. útg. Reykjavík, Háskólaútgáfan, 2007. Nemendur eru hvattir til að nota bókina. Sérstakar leiðbeiningar gilda þó um tilvísanir í meginmáli á lögfræðisviði og tilvísanir í réttarheimildir og lögskýringargögn.

Eftirfarandi meginreglur gilda um heimildavinnu í Háskólanum á Bifröst

- Geta verður heimilda í öllum þeim tilvikum þar sem efni er notað frá öðrum.
- Tilvitnunin verður að vera efnislega rétt, þ.e. gæta þarf þess að umfjöllun sem endar með tilvitnun endurspegli réttilega þá heimild sem vitnað er til.
- Við tilgreiningu heimilda, jafnt í neðanmálgreinum sem og í heimildaskrá, skiptir úrslitamáli að geta alls efnis sem notað er og að fara efnislega rétt með heimildir.
- Gæta skal gæða heimilda, sérstaklega hvað varðar heimildir sem birtar eru á netinu.

Heimildaskrá

Heimildaskrá á að vera eftir APA staðlinum og skal hún vera aftast í ritsmið og skulu heimildir vera settar upp í stafrófsröð í samræmi við staðalinn. Í heimildaskrá skal ekki vísa í blaðsíðutal bóka, nema um sé að ræða grein eða kafla í safnríti. Heimildaskrá skal skiptast í þrjá flokka. Útgefin rit, lagaskrá og dómaskrá. Um tilvísun í önnur gögn en lögskýringargögn er vísað til Gagnfræðakvers hands háskólanemum eftir Friðrik H. Jónsson og Sigurð J. Grétarsson. Heimildarskrá skal sett upp á þann veg að útgefin rit, lagaskrá og dómasafn er flokkað sérstaklega.

Útgefin rit

Raða skal höfundum í stafrófsröð eftir nafni fyrsta höfundar.

Dæmi	Grundmann S. (2007). <i>European Company Law</i> . Antwerpen: Oxford Sigurður Líndal (2007). <i>Um lög og lögfræði. Grundvöllur laga- réttarheimildir</i> (2. útgáfa). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag
------	--

Lagaskrá

Lögum skal raðað í aldursröð

Dæmi	Lög nr. 2/1995 um hlutafélög
------	------------------------------

Dómaskrá

Dæmi	<ul style="list-style-type: none">• <i>Hrd. 1943, bls. 237</i>• <i>Hrd. 1998, bls. 4067</i>• <i>Hrd. 2000, bls. 4480 (125/2000)</i>
------	---

Upplýsingar um hvernig skal fara með tilvísanir í lögskýringargögn er að finna í köflum að neðan

Neðanmálgreinar

Gæta skal að samræmi sé á milli tilvísana í neðanmálgreinum og heimildaskrár. Ekki skal geta verka í heimildaskrá sem ekki er að finna í neðanmálgreinum og öfugt. Þegar beinar eða óbeinar tilvísanir eru notaðar í meginmáli verður að geta heimilda í neðanmálgrein. Neðanmálgreinar skulu tiltaka nafn höfundar, ártal, nafn bókar eða greinar og síðan blaðsíðutal. Notast skal við fulla tilvísun þegar vísað er til lögskýringargagna í neðanmálgreinum.

Dæmi	
<i>Bók</i>	Grundmann S. (2007). European Company Law. Bls. 78
<i>Tímaritsgrein</i>	Aðalsteinn Egill Jónasson (2008). Verðbréfavíðskipti- gildissvið laga nr. 108/2007. Bls. 197
<i>Lögskýringargögn</i>	Frumvarp til laga um jarðhitaréttindi, þskj. 56, 56. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: http://www.althingi.is/altext/122/s/0056.html . Sótt á vefinn 24.11.1998].

Tilvísanir í meginmáli

Lög

Ekki skal vísa til laga í neðanmálgreinum heldur skal það gert í meginmáli. Til laga skal vísa með þeim hætti að nefnt sé nafn laganna sem og númer. Valkvætt er hvort nafnið eða númerið komi á undan.

Dæmi	Í lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 kemur fram að... Í lögum nr. 84/2007 um opinber innkaup er mælt fyrir um...
------	--

Þegar vísað er til lagagreina eða einstakra þátta þeirra skal nota eftirfarandi skammstafanir:

- a) Grein: gr.
- b) Málgrein: mgr.
- c) Málsliður: másl.
- d) Töluliður: tölul.

Þegar vísað er til málsliðar eða töluliðar í tiltekinni málgrein lagagreinar skal vísa til málsliðarins eða töluliðarins fyrst, þá málgreinarinnar og loks greinarinnar.

Dæmi	Samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga um fjármálafrv. nr. 161/2002 getur...
------	--

Þegar það sem vísað er til er að finna í bókstaflið skal vísa til a-liðar, b-liðar o.s.frv. Líkt og í tilviki málsliða og töluliða kemur sú tilvísun á undan tilvísun í viðkomandi málgrein/grein.

Dæmi	Í b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 er mælt fyrir um...
------	---

Í þeim tilvikum þar vísað er ítrekað til tiltekinnar laga er heimilt að velja viðkomandi lögum tiltekna skammstöfun eða heiti sem kynnt er til leiks við fyrstu tilvísun og notuð í síðari tilvísunum.

Dæmi	Vísun til laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. („Hér eftir skammstöfuð eml.“). Tilvísanirnar sem koma í kjölfarið eru með eftirfarandi hætti: Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. eml. er heimilt að... Vísun til laga jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. („Hér eftir nefnd jafnréttislög). Tilvísanir sem koma í kjölfarið eru með eftirfarandi hætti: Samkvæmt 18. gr. jafnréttislaga...
------	--

Þingræður og þingskjöl

Vísað er til leiðbeininga á heimasíðu Alþingis <http://www.althingi.is/vefur/tilvisanir.html>.

Vefútgáfa Alþingistíðinda.

Á vefsíðu Alþingis eru birtar þingræður og þingskjöl Þegar vísað er í þingræðu á vef Alþingis, þarf að geta þess, hvenær upplýsingarnar voru sóttar á vefinn vegna þess að hugsanlegt er að einhverjar breytingar verði gerðar á textanum. Tilvísun til vefútgáfu frumvarps um jarðhitaréttindi á 122. löggþ. yrði þannig:

Dæmi	Frumvarp til laga um jarðhitaréttindi, þskj. 56, 56. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: http://www.althingi.is/altext/122/s/0056.html . Sótt á vefinn 24.11.1998].
------	---

Bráðabirgðaútgáfa þingræðna er send út á vefinn jafnskjótt og ræður hafa verið ritaðar. Eins og þar kemur fram er óheimilt að vísa til bráðabirgðaútgáfu. Tilvísun í vefútgáfu af ræðu Björns Bjarnasonar menntamálaráðherra í utandagskrárumræðum á Alþingi um málefni LÍN yrði þannig:

Dæmi	Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: http://www.althingi.is/altext/122/10/r09103704.sgml . [Sótt á vefinn 24.11.1998].
------	--

Alþingistíðindi í prentuðu formi :

Tilvisanir til efnis sem birt hefur verið í Alþingistíðindum skulu hafa að geyma *Alþingistíðindi*, ártal viðkomandi bindis, kommu, þá deild Alþingistíðinda sem um ræðir (A-, B- eða C-deild), kommu, númer þingskjals, kommu og loks blaðsíðutal þess sem vísað er til.

Dæmi	<i>Alþingistíðindi</i> , 1979-1980 A, þskj. nr. 169, bls 809-810
------	--

Tilvisanir í þingskjöl sem ekki hafa birst í Alþingistíðindum skulu hafa að geyma skammstöfunina þskj., númer þingskjalsins, kommu, númer viðkomandi löggjafarþings, skammstöfunina lögb., ártal löggjafarþingsins, kommu, blaðsíðutal þingskjalsins sem vísað er til (á pdf-forminu á Alþingisvefnum, <http://www.althingi.is>), og loks tilgreiningu innan sviga á því að efnið hafi ekki enn birst í Alþingistíðindum.

Dæmi	Þskj. 603, 135. lögb. 2007-08, bls. 8 (enn óbirt í A-deild Alþt.)
------	---

Vinnuskjal 1.0

Tilvísanir í ræður sem ekki hafa birst í Alþingistíðindum skulu hafa að geyma skammstöfun viðkomandi þingmanns/ráðherra samkvæmt Alþingisvefnum, kommu, dagsetningu ræðunnar, hvenær hún hófst og loks tilgreiningu á því að efnið hafi ekki enn birst í Alþingistíðindum, til samræmis við eftirfarandi dæmi:

Dæmi	ISG, 28. febrúar 2008, ræða hófst kl. 11:08 (enn óbirt í B-deild Alþt.)
------	---

Reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli

Um tilvísanir í reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli gilda sömu leiðbeiningar og að framan greinir um lög.

Dæmi	Samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 12. gr. reglugerðar um hávaða nr. 724/2008 má... Í a-lið 3. gr. reglugerðar nr. 548/2008 um heilbrigðisskrár kemur fram...
------	--

Gerðir á sviði Evrópuréttar

Þegar vísað er til gerða á sviði Evrópuréttar skal tilgreina tegund gerðarinnar (tilskipun/reglugerð), og síðan ártal og númer hennar, til samræmis við neðangreint dæmi:

Dæmi	Í tilskipun 2003/33/EB er mælt fyrir um...
------	--

Um tilvísanir til einstakra greina, málsgreina o.s.frv. gilda sömu leiðbeiningar og um lög.

Dæmi	Samkvæmt 1. tölul. 6. mgr. 22. gr. reglugerðar 2004/809/EB...
------	---

Alþjóðlegir samningar

Tilvísanir í alþjóðlega samninga sem Íslandi er aðili að skulu fara eftir reglum um tilvísanir í C-deild Alþingistíðinda. Þegar vísað er til slíkra alþjóðlegra samninga skal tilgreina: fullt nafn sáttmála, dagsetningu samþykktar, dagsetningu gildistöku. Sbr. auglýsing nr. í C-Deild Stjórnartíðinda

Dæmi	Samningur gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Fullgiltur af Íslandi 13. október 1996, tók gildi 22. nóvember 1996. Sbr. auglýsing nr. 19/1996 í C-deild Stjórnartíðinda.
------	--

Dómar, álit og úrskurðir

Dómar Hæstaréttar

Almennt skal vísa til dóma í meginmáli. Tilvísanir til hæstaréttardóma skulu vera skáletraðar og með eftirfarandi hætti:

Vinnuskjal 1.0

Hafi dómur verið birtur í dómasafni Hæstaréttar, en ekki á vefsíðu Hæstaréttar (<http://www.haestirettur.is>), skal nota skammstöfunina Hrd., þá ártal dómsins, svo kommu og loks blaðsíðutal fyrstu síðu dómsins í dómasafni.

Dæmi	<i>Hrd. 1998, bls. 4076.</i>
------	------------------------------

Hafi dómur verið birtur í dómasafni Hæstaréttar, en er auk þess birtur á vefsíðu Hæstaréttar (dómar eftir 1. janúar 1999), skal til viðbótar framangreindu geta númers málsins innan sviga.

Dæmi	<i>Hrd. 2000, bls. 1534 (12/2000).</i>
------	--

Hafi dómur eingöngu verið birtur á vefsíðu Hæstaréttar (er enn óbirtur í dómasafni) skal geta dagsetningar dómsins og málnúmers innan sviga.

Dæmi	<i>Hrd. 1. mars 2007 (278/2006).</i>
------	--------------------------------------

Heimilt er að gefa dómi nafn ef vísað er til hans oftast en einu sinni í texta. Þá skal jafnframt geta blaðsíðutals eða málnúmers til auðkenningar.

Dæmi	<i>Hrd. 1943.237 (Hrafnkötludómur)</i>
------	--

Héraðsdómar

Tilvísanir til héraðsdóma skulu vera skáletraðar. Þær skulu hafa að geyma skammstöfun dómstólsins, dagsetningu dómsins og málnúmer innan sviga.

Dæmi	<i>Hérd. Rvk. 14. júní 2004 (E-129/2004).</i>
------	---

Skammstafanir héraðsdómstólanna skulu vera með eftirfarandi hætti: *Hérd. Rvk. (Héraðsdómur Reykjavíkur), Hérd. Reykn. (Héraðsdómur Reykjaness), Hérd. Vestl. (Héraðsdómur Vesturlands), Hérd. Vestfj. (Héraðsdómur Vestfjarða), Hérd. Norðvest. (Héraðsdómur Norðurlands vestra), Hérd. Norðeyst. (Héraðsdómur Norðurlands eystra), Hérd. Austl. (Héraðsdómur Austurlands), Hérd. Suðl. (Héraðsdómur Suðurlands).*

2.6 Álit umboðsmanns Alþingis

Tilvísanir til álita umboðsmanns Alþingis skulu vera skáletraðar. Þær skulu hafa að geyma skammstöfunina UA, dagsetningu álitsins og málnúmer til samræmis við eftirfarandi dæmi:

Dæmi	<i>UA 29. desember 2000 (2891/1999).</i>
------	--

2.7 Úrskurðir og aðrar úrlausnir stjórnvalda

Tilvísanir til úrskurða og annarra úrlausna stjórnvalda skulu vera skáletraðar. Þær skulu hafa að geyma nafn úrlausnarinnar og stjórnvaldsins, dagsetningu úrlausnarinnar og málsnúmer til samræmis við eftirfarandi dæmi:

Dæmi	<i>Úrskurður kærunefndar útboðsmála 5. mars 2008 (1/2008).</i> <i>Úrskurður áfrygjunarnefndar neytendamála 4. mars 2008 (11/2007).</i>
------	---

Í þeim tilvikum þar sem ritgerðin vísar ítrekað til úrlausna tiltekins stjórnvalds er ætlast til að nemandinn velji úrlausnum stjórnvaldsins tiltekna skammstöfun sem hann kynnir til leiks við fyrstu tilvísun og notar svo í síðari tilvísunum. Gæta verður samræmis í skammstöfun.

Dæmi	Nemandi sem skrifar á sviði jafnréttislaga kynnir í upphafi að hann muni nota skammstöfunina KJ þegar hann vísar til úrskurða kærunefndar jafnréttismála (T.d.: „Hér eftir KJ“). Tilvísanirnar sjálfar eru svo með eftirfarandi hætti: <i>KJ 22. júlí 2008 (2/2008).</i>
------	--

Dómar Mannréttindadómstóls Evrópu o.fl.

Tilvísanir til dóma Mannréttindadómstóls Evrópu skulu vera skáletraðar. Þær skulu hafa að geyma skammstöfunina MDE, nafn málsins (með v. þýtt sem gegn og íslenskri þýðingu á nafni ríkisins), dagsetningu dómsins og málsnúmer til samræmis við eftirfarandi dæmi:

Dæmi	<i>MDE, Þorgeir Þorgeirson gegn Íslandi, 25. júní 1992 (13778/88).</i> <i>MDE, Nikula gegn Finnlandi, 21. mars 2002 (31611/96).</i>
------	--

Í tilviki ákvörðunar um meðferðarhæfi skal samskonar tilvitnun notuð að undanskildu því að tilgreint er í upphafi að um slíka ákvörðun sé að ræða

Dæmi	<i>Ákv. MDE, Kjartan Gunnarsson gegn Íslandi, 20. október 2005 (4591/04).</i>
------	---

Samskonar tilvitnun skal nota í tilviki ákvarðana Mannréttindanefndar Evrópu, að öðru leyti en því að Mannréttindanefndin er skammstöfuð sem MNE.

Dæmi	<i>Ákv. MNE, Ásmundur Jónsson o.fl. gegn Íslandi, 21. október 1998 (41242/1998).</i>
------	--

Vinnuskjal 1.0

Sama gildir í tilviki skýrslna Mannréttindanefndar Evrópu að undanskildu því þar er tilgreint í upphafi að um skýrslu sé að ræða, til samræmis við eftirfarandi dæmi:

Dæmi	<i>Skýrsla MNE, Jón Kristinsson gegn Íslandi, 8. mars 1989 (12170/86).</i>
------	--

2.9 Dómar/álit EFTA-dómstólsins og dómstóls EB

Tilvísanir til dóma dómstóls EB skulu vera skáletraðar. Þær skulu hafa að geyma skammstöfunina EBD, málnúmerið, ártal og blaðsíðu dómsins í European Court Reports (ECR).

Dæmi	<i>EBD, mál C-321/97, ECR 1999, bls. I-3551.</i>
------	--

Tilvísanir til dóma EFTA-dómstólsins skulu vera með sama hætti, nema þar skal skammstöfunin EFTAD notuð fyrir EFTA-dómstólinn og EFTACR fyrir EFTA Court Reports.

Dæmi	<i>EFTAD, mál E-01/7, EFTACR 1998, bls. 95.</i>
------	---

Í tilviki álita skulu samskonar tilvitnanir notaðar að undanskildu því að þá skal nota orðið álit í stað orðsins mál, sbr. eftirfarandi dæmi:

Dæmi	<i>EBD, álit 1/91, ECR 1991, bls. I-6079.</i>
------	---

2.10 Dómar, úrskurðir og álit Alþjóðadómstólsins

Tilvísanir til dóma, úrskurða og álita Alþjóðadómstólsins skulu vera skáletraðar. Þær skulu hafa að geyma skammstöfunina AD, nafn málsins, dagsetningu dóms/úrskurðar eða álits og upphafsblaðsíðu í ICJ Reports, til samræmis við eftirfarandi dæmi:

Dæmi	<i>AD, Asylum Case, 20. nóvember 1950, ICJ Reports 1950, bls. 266</i>
------	---

2.11 Danskir, norskir og sænskir dómar

Tilvísanir til danskra og norskra dóma skulu vera með sambærilegum hætti og tilvísanir til eldri hæstaréttardóma, sbr. 2.4. Nota skal skammstöfunina UfR. fyrir Ugeskrift for Retsvæsen (Danmörk), skammstöfunina Rt. fyrir Norsk Retstidende (Noregur), skammstöfunina NJA fyrir sænska hæstaréttardóma og RÅ fyrir stjórnarsýsludómstól Svíþjóðar, þá ártal dómsins, svo kommu og loks blaðsíðutal fyrstu síðu dómsins í viðkomandi riti.

Dæmi	<i>UfR. 2000, bls. 2064.</i> <i>Rt. 2007, bls. 1274.</i>
------	---

Vinnuskjal 1.0

	<i>NJA 2002, bls. 1156.</i> <i>RÅ 2003, bls. 123.</i>
--	--

Leiðbeiningar um uppsetningu

Beinar tilvitnanir í meginmáli verður ætíð að auðkenna með gæsalöppum (íslenskum gæsalöppum, þ.e. „“). Beinar tilvitnanir í heimild skal taka orðrétt og stafrétt upp úr texta. Greinarmerkjasetningu verður líka að taka nákvæmlega upp og gæta þess að greinarskil haldi sér ef um þau er að ræða. Ekki þarf þó að nota gæsalappir í tilviki inndreginna beinna tilvitnana.

Letur, leturstærð, fyrirsagnir o.fl.

Spássía ritgerðarinnar skal vera 2,5 cm, jafnt til hliðar sem og uppi og niðri. Texti ritgerðarinnar (að undanskilinni forsíðu) skal ritaður með letrinu Times New Roman.

Um leturstærð og línubil texta gilda eftirfarandi leiðbeiningar:

- a) Almennur texti í meginmáli skal ritaður með 12 punkta letri og einu og hálfu línubili.
- b) Inndreginn texti í meginmáli skal ritaður með 11 punkta letri og einu línubili.
- c) Texti neðanmálgreina skal ritaður með 10 punkta letri og einu línubili.
- d) Texti heimildaskrár skal ritaður með 12 punkta letri og einu línubili.

Um leturstærð og númer fyrirsagna/kaflaheita gilda eftirfarandi leiðbeiningar:

- **Grunnfyrirsagnir skulu vera 14 punkta, feitletraðar og auðkenndar með númerum (1,2,3) en ekki bókstöfum. Ekki skal nota punkt á eftir fyrirsögnum, hvort sem um grunn-, milli- eða undirfyrirsagnir er að ræða. Þó skal nota spurningarmerki feli fyrirsögn í sér spurningu.**
- **2.0 Millifyrirsagnir skulu vera 12 punkta, feitletraðar og með númer á forminu 1.2, 2.4 o.s.frv.**
- *3.0.0 Undirfyrirsagnir skulu vera 12 punkta, skáletraðar og með númer á forminu 1.3.2, 2.5.4 o.s.frv.*

Blaðsíðunúmer

Blaðsíður ritgerðarinnar skulu númeraðar, að undanskilinni forsíðu. Númerin skulu vera á 10 punkta Times New Roman letri, miðjujöfnuð og neðst á blaðsíðunum.